



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.2.2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms - og slysaforfalla, þskj. 177 – 164. mál. .

Með nýgerðum kjarasamningum var gert samkomulag milli ASÍ og SA um uppsögn ráðningarsamninga. Eins og fram kemur í bókun með samkomulaginu hefur náðst sátt milli aðila um fyrirkomulag uppsagna á vinnumarkaði. Starfsmaður á samkvæmt samkomulaginu rétt á viðtali við vinnuveitanda sinn um ástæður uppsagnar. Áréttað er að frjáls uppsagnarréttur vinnuveitanda er háður vissum takmörkunum, lögum samkvæmt. Auk þess sem tekið er fram að aðilar eru sammála um að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna á vinnumarkaði og munu í því skyni vinna sameiginlega að gerð fræðsluefnis sem lokið skal við fyrir árslok 2008.

Samtök atvinnulífsins leggjast eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur